



Tillögur til skilvirkara eftirlits með erlendra og ólöglegri starfsemi í ferðapjónustu

5. mars 2019



Grunur leikur á **umfangsmikilli ólöglegri starfsemi** sem tengist erlendum aðilum í ferðapjónustu hér á landi, m.a. með félagslegum undirboðum, sjálfboðaliðastarfsemi og skattaundanskotum.


Brotastarfsemi í ferðapjónustu skekkir samkeppnismarkað og **veldur fyrirtækjum og samfélaginu milljarða tekjutapi** árlega. Gildir þá einu hvort um er að ræða erlenda eða innlenda aðila sem fara á svig við lög og reglur.

Fyrirtæki sem stunda brotastarfsemi eiga auðveldara með að leika lausum hala ef eftirlit er óskilvirk, illa fjármagnað eða glímir við hindranir. **Það er allra hagur** að atvinnurekendur, launþegar og hið opinbera sameinist um að bæta úr.

Íslensk ferðapjónusta er í daglegri samkeppni á **Evrópska efnahags-svæðinu** sem gerir fyrirtækjum kleift að stunda viðskipti yfir landamæri hindrunarlítið.

Það er mikilvægt að ítreka að Samtök ferðapjónustunnar **amast ekki við eðlilegri samkeppni** sem fram fer samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.


Vandamálið er að fjöldi fyrirtækja nýtir sér það **frelsi sem felst í viðskiptum yfir landamæri og of máttlítið og óskilvirkt eftirlit** á íslenskum ferðapjónustu- og vinnumarkaði til að stunda óáreitta brotastarfsemi sem skekkir samkeppnisgrundvöllinn.



Rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðapjónustu hafa farið nær stöðugt **versnandi** frá 2010


Kostnaður hefur aukist gríðarlega og tekjur lækkað vegna óhagstæðrar gengisþróunar.

Rekstrarskilyrði í ferðapjónustu - % breyting frá 2010



Heimild: Seðlabaki Íslands, Hagstofa Íslands


Gengi krónunnar - meðalgengisvísitala



Heimild: Seðlabaki Íslands

Fyrirtæki í ferðapjónustu sem seldi þjónustu fyrir 1 milljarð í erlendri mynt árið 2010 fékk **23% minni tekjur í ISK fyrir sömu tekjur í erlendri mynt 2018**. Hagnaðurinn hverfur smám saman og varnarbarátta er tekin við af vexti.

Erlend fyrirtæki sem fara ekki að lögum og kjarasamningum sem gilda á Íslandi **stunda stórfelld undirboð** í samkeppni við fyrirtæki sem fara að lögum.



Erlend fyrirtæki sem standa ekki skil á VSK og öðrum sköttum hafa mun lægri rekstrarkostnað en íslensk ferðapjónustufyrirtæki.


Erlend fyrirtæki sem stunda skipuleg félagsleg undirboð hafa mun lægri launakostnað en íslensk ferðapjónustufyrirtæki.

Slík brotastarfsemi veldur því að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja versnar mikið, **atvinnuöryggi launþega minnkar** og samfélagið verður af miklum tekjum.

Það eru **sameiginlegir hagsmunir** atvinnurekenda, launþega og hins opinbera að stöðva skattsvik, félagsleg undirboð og aðra starfsemi í ferðapjónustu sem ekki fylgir lögum, reglum og kjarasamningum.



Jafnara samkeppnis-
umhverfi og betri afkoma
ferðapjónustufyrirtækja



Tryggjari atvinna og
betri réttindi starfsfólks
í ferðapjónustu



Auknar tekjur til ríkisins
sem nýtast til upp-
byggingar samfélagsins

Til þess verður eftirlit opinberra stofnana, lögreglu og annarra aðila sem mælt er fyrir um í lögum að vera **skilvirk, samstillt og nægilega vel fjármagnað**.

Ábyrgð á eftirliti og leyfisveitingum er á höndum **5 ráðuneyta og 9 opinberra stofnana**. Þörf er á tafarlausum úrbótum til að efla samvinnu þeirra og skilvirkni eftirlits.



Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti

Ferðamálastofa



Dómsmálaráðuneyti

Lögreglustjórar

Sýslumenn

Útlendingastofnun



Félagsmálaráðuneyti

Vinnueftirlitið

Vinnumálastofnun



Fjármála- og
efnahagsráðuneyti

Tollstjóri

Ríkisskattstjóri



Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneyti

Samgöngustofa

SAF fagna áherslum sem fram koma í áfangaskýrslu starfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi á innlendum vinnumarkaði.

- Tekið verði á kennitöluflakki á skilvirkan hátt svk. tillögum aðila vinnumarkaðarins
- Komið verði á föstum samráðshópi um sameiginlega stefnumótun um aðgerðir
- Eftirlitsaðilar geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf
- Refsiábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna verði útvíkuð
- Auknar lagaheimildir stjórnvalda til að beita þvingunarúrræðum og stjórnvaldssektum

- Skylda til keðjuábyrgðar verði sett í lög um opinber innkaup
- Skýrari rammi verði markaður um hvað skuli heimilað undir formerkjum starfsnáms og sjálfboðaliðastarfsemi
- Lagaheimildir um deilingu upplýsinga verði kortlagðar og auknar ef tilefni er til
- Aðgerðaáætlun gegn mansali liggi fyrir og aðstoð við fórnarlömb vinnumansals tryggð
- Upplýsingagjöf til erlends starfsfólks og atvinnurekenda um starfskjör verði bætt verulega

Tillögur SAF til að auka skilvirkni eftirlits
með brotastarfsemi í ferðapjónustu



1. Átak gegn skattsvikum

Ríkisskattstjóri og önnur stjórnvöld **tryggi með virku eftirliti** að erlendir ferðapjónustuaðilar séu skráðir á virðisaukaskattskrá þegar það á við og **skili lögbundnum sköttum og gjöldum** vegna starfsemi og þjónustu sem sannanlega fer fram hér á landi.

Stjórnvöld tryggi viðkomandi eftirlitsaðilum þegar í stað **nægar fjárheimildir** til virks eftirlits með skilum erlendra aðila með starfsemi á Íslandi á lögbundnum sköttum og gjöldum.

RSK verði tryggðar **skýrar heimildir til að beita viðurlögum** gegn brotum.

Núverandi krafa um ítrekaðar viðvaranir skilar ekki nauðsynlegum árangri.

1. Átak gegn skattsvikum

Sérstakt átak verði sett á stofn fyrir sumarið 2019 í samvinnu eftirlitsaðila til að stöðva skattasniðgöngu erlendra aðila í ferðaþjónustu á Íslandi.

Ríkisstjórn verji sérstakri aukafjárveitingu til átaksins á sama hátt og gert hefur verið til að ráða niðurlögum ólöglegrar heimgistingar. Reynslan sýnir að það er góð fjárfesting fyrir samfélagið.

Bifreiðagjöld verði innheimt af erlendum bifreiðum í samræmi við tillögur starfshóps fjármálaráðherra um endurskoðun skattlagningar ökutækja (2018).



2. Rekstrarleyfi og eftirlit lögreglu

Lögregla fái aðgang að [lifandi skrá um leyfishafa](#) í farþega- og vöruflutningum þar sem bifreiðar í eigu leyfishafa eru tilgreindar, og fjármagn tryggt til Samgöngustofu til viðhalds skrárinnar.

Sérstök leyfisskoðun verði lögð af. Þess í stað fari skoðunin fram í [samhengi við árlega aðalskoðun](#) ökutækis.

Sérstakt rekstrarleyfi verði gert fyrir hverja bifreið leyfishafa í formi límmiða (A6) sem límist innan á hliðarrúðu bílstjóramegin. Þar komi fram [nafn leyfishafa, skráningarnúmer bifreiðar og gildistími](#).

3. Eftirlit með erlendum ökutækjum

Komið verði á fót [miðlægri skrá yfir erlend ökutæki](#) sem koma til landsins sem lögregla og aðrir eftirlitsaðilar hafa beinan aðgang að eftir þörfum.

Tollgæslan merki erlendar bifreiðar með [akstursleyfismiða í hliðarrúðu](#) þar sem fram komi númer ökutækisins, komudagur til landsins og gildistími aksursleyfis.

Lögbundin krafa verði gerð um að pappírar með upplýsingum um ökutækið séu þýddir en séu ekki aðeins á tungumáli heimalands. Slík upplýsingagjöf verði þó fremur leyst með límmiða í hliðarrúðu eða tengingu við leyfisnúmer eða bílnúmer.



4. Eftirlit með sjálfbóðaliðastarfsemi

Eftirlitsstofnunum verði tryggt fjármagn til að stórauka vettvangseftirlit eða núverandi fjármagn nýtt betur til þess. Regluleg samvinna stofnana verði tryggð, t.d. með lögbundnum samráðsvettvangi.

Samstarf opinberra eftirlitsaðila og vinnustaðaeftirlits stéttarfélaganna verði sett í reglubundinn farveg.

Gripið verði til tafarlausra aðgerða í samvinnu opinberra aðila og stéttarféлага til að stórauka skilvirkni eftirlits með greinum þar sem sjálfbóðaliðastarfsemi er þekkt, s.s. í hestaleigu.

5. Lögbundin samvinna eftirlitsaðila

Stjórnvöld hefji þegar í stað vinnu við að greina og fjarlægja hindranir í laga-umhverfi sem komið geta í veg fyrir samvinna eftirlitsaðila og/eða deilingu upplýsinga milli stofnana.

Tekin verði upp virk samvinna eftirlitsaðila með deilingu upplýsinga og sameiginlegum átaksverkefnum í eftirliti á vettvangi.

Komið verði á fót lögbundnum samráðs-vettvangi þar sem fulltrúar eftirlitsaðila hittast með reglubundum hætti og bera saman bækur sínar, deila upplýsingum og stýra samstarfi stofnana við eftirlit.



6. Aukið fjármagn og mannaflapörf

Lykilstofnunum í eftirliti með félagslegum undirboðum og ólöglegri starfsemi í ferðaþjónustu verði tryggt aukið fjármagn til að viðkomandi stofnanir geti sinnt vettvangseftirliti.

Reynslan sýnir að fjármagn sem lagt er til aukins eftirlits með starfsemi sem sniðgengur skatta og skyldur skilar sér aftur til samfélagsins, sem sektir, skattgreiðslur og í betri afkomu fyrirtækja og launafólks.

SAF leggur í þessu samhengi sérstaka áherslu á mikilvægi aukinna fjárframlaga til lögreglu um allt land til að efla vettvangseftirlit.

7. Áhrifaríkara eftirlit með heimagistingu

Umboðsaðilum gistipjónustu í gegn um vef (t.d. Airbnb) verði gert lögskýlt að [skila heildar-upplýsingum um söluaðila og tekjur þeirra](#) til ríkisskattstjóra og þeim gert skylt að gera ráð fyrir birtingu leyfisnúmers söluaðila í sérstökum reit.

Tilraunaverkefni verði skipulagt í samstarfi sýslumanna, lögreglu og Sambands íslenskra sveitarfélaga um [upprætingu ólöglegar gististarfsemi í völdum sveitarfélögum](#) utan höfuðborgarsvæðisins.

Sýslumönnum utan höfuðborgarsvæðisins verði veitt skýrari ábyrgð til að [sinna eftirliti með heimagistingu á sínu svæði](#) í samvinnu við Sýslumanninn í Reykjavík.



8. Afleiðingar brota og fælingarmáttur


Fælingarmáttur afleiðinga verði aukinn til að gera vísvitandi lögbrot sem skekkja samkeppnisstöðu áhættusamari en nú.

Refsiheimildir í lögum, s.s. þvingunarheimildir lögreglu og heimildir eftirlitsaðila til dagsekta og stjórnvaldssekta, verði nýttar betur en nú er gert og sektarupphæðir vegna alvarlegra brota hækkaðar verulega.

9. Ein ábendingagátt og skýr viðbrögð

Viðbrögð eftirlitsstofnana við ábendingum verði bætt og eftirfylgni aukin. Of algengt er að ábendingar berist stofnunum án þess að vart verði við skýr viðbrögð. Tryggja þarf stofnunum fjármagn, mannafla, heimildir og upplýsingar til að bregðast við ábendingum sem berast.

Komið verði á fót [einni rafrænni ábendingagátt](#) þar sem koma má ábendingum á framfæri við eftirlitsaðila ef grunur leikur á um félagsleg undirboð, brotastarfsemi erlendra aðila eða aðra brotastarfsemi í ferðapjónustu (og á vinnumarkaði almennt).



Raunveruleikinn er sá að ef stjórnvöld grípa ekki strax í taumana til að efla skilvirkt eftirlit með brotastarfsemi og tryggja samvinnu og fjármagn eftirlitsstofnana er líklegt að mörg íslensk ferðapjónustufyrirtæki muni **neyðast til að flytja starfsemi sína úr landi í auknum mæli til að lækka kostnað**, með tilheyrandi fækkun starfsfólks hér á landi og tekjutapi fyrir ríkissjóð.



SAF

Samtök ferðapjónustunnar | www.saf.is | saf@saf.is | [@ferdathjonustan](https://twitter.com/ferdathjonustan)